205
Svar

Svar

uppá aðsenda grein í Þjóð. um

Árrit prestaskólans.

Rv. 1850.

Svar


LANDSBÓKASAFN

uppá aðsenda grein í Þjóðólfi um Árrit prestaskólans.

„Han orthographisk var".

Í Þjóðólfi bls. 140—43 hefur einhver, sem kallar sig: Jeg, tekið fyrir sig að leggja dóm á árrit það, sem við nýlega höfum gefið út. Í sjálfu sjer getur okkur ekkert þókt að því, heldur álítum við það öldungis rjett og tilhlýðilegt, að dómar sjeu upp kveðnir yfir íslenzkum bókum, sem birtast á prenti. En því nauðsynlegra er það hjer en annarstaðar, að slíkir dómar sjeu byggðir á skynsemi og sanngirni, sem almenningur hjer er óvanari en annarstaðar við alla þessháttar aðfinnzlu og mörgum hættir því við að trúa því í blindni, sem þannig er sagt um einhverja bók, hvort heldur það er lof eða last, án þess að gjöra sjer far um að vega ástæður með og mót, einkanlega þegar dómurinn er laggður á með hroka og sjálfbyrgingsskap. Þessvegna höfum við ekki getað leiðt hjá okkur að svara uppá grein þá um árritið, sem herra „Jeg" hefur sent Þjóðólfi til prentunar af því að við erum hræddir um, að hún kunni að villa svo sjónir fyrir einhverjum, að þeir verði ekki varir við mótsagnirnar sem í henni eru, nje geti að greint hið ranga frá hinu, sem kann að vera rjett í henni. Ef árrit prestaskólans væri eingaungu ætlað lærðum mönnum og við ættum ekki tal við aðra en þá, þá væru þessi orð: „Han orthographisk var" nóg svar uppá greinina, því hún ber það sjálf með sjer, að hún stefnir mestöll að orðum, bókstöfum og rjettritun, og ef menn ættu af henni að gjöra sjer grein fyrir, hverja menntun að höfundur hennar hafi til að bera, þá yrði hún helzt málfræðisleg, ef hún annars er nokkur; að minnsta kosti er auðsjeð, að höfundurinn þykist vera málfræðingur, því reyndar talar hann alstaðar drembilega, en hvergi er hann eins digurmæltur og um málfræðina, en hún virðist, að hans skoðun, helzt vera fólgin í rjettrituninni, svoað herra „Jeg" er þá auðsjáanlega ennþá í stafrofi málfræðinnar. En af því árritið er líka ætlað leikmönnum, sem sumir hverjir eiga, ef til vill, bágra með að skilja hið verulega frá hinu óverulega í vísindalegum efnum, þá verðum við að taka grein höfundarins fyrir okkur og sýna, hvernig henni er varið. Það er þá fyrst, að hann byrjar á því að segja „að árritið birtist ári síðar en menn vonuðust eptir upphaflega þegar boðsbrjefið kom út". Það er okkur óskiljanlegt, hvernig hann fer að reikna; boðsbrjefið er skrifað í janúar-mánuði 1849 og í því lofað, að tekið skyldi verða til að prenta árritið undireins og prentun alþingistíðindanna væri lokið; alþingið stóð yfir fram í ágúst-mánuð í fyrra og síðan er enn ekki liðið heilt ár, en árritið þó komið út fyrir meir en mánuði síðan. Það er því ekki nema tvennt til, annaðhvort að höfundurinn hefur ætlast til, að prentun alþingistíðindanna yrði lokið áðuren alþingi byrjaði, eða þá að hann hefur árið styttra en allir aðrir og er hvorugt með öllu ósamkvæmt ályktunum höfundarins og sízt það að stytta svona fyrir sjer árið, af því að okkur finnzt honum vera mjög eginlegt að hlaupa yfir allt á svo kölluðu *hundavaði,* og að hann beri lítil kennsli á hjegóma þann, er

menn kalla nákvæmni og reglulega hugsun. Hann þarf ekki að hafa svo mikið fyrir því; þegar hann er kominn í austur, þarf hann ekki annað en snúa sjer við og segjast *hverfa aptur* í vestur; þegar hann í sömu andránni er búinn að tala um árritið, stiptsyfirvöldin og söluna á prentsmiðjunni, þarf hann ekki annnað en *hverfa* aptur til árritsins; það er svo lítill *útúrdúr*, sem enginn mundi leyfa sjer að gjöra nema „Jeg" sjálfur; og þó tekur hann hart á árritinu, þar sem hann á bls. 171 þykist finna útúrdúr, „þó hann sje lítill". Við skírskotum því til lesenda árritsins, hvort þeir geta fundið þar nokkurn útúrdúr, sem ekki leiðir beinlínis af frásögunni sjálfri! við getnm ekki fundið hann. Eða er það nokkur „útúrdúr", þó bænarskránni móti innlendri verzlun sje hrundið bæði af eðli málefnisins og sögu okkar? Það mun naumast nokkrum koma til hugar að kalla slíkt útúrdúr, nema þeim, sem sjálfur tekur sjer dúr og dottar við hverja hugsun, af því hann hefur ekki greind í sjer til að rekja samband milli samkynja hugsana, heldur höggur að handa hófi ofaní þær einhverstaðar. Árritið er nú annars svo heppið yfir höfuð að fá góðan vitnisburð hjá herra „Jeg"; hann þykist með góðri samvizku geta hvatt landa sína til að taka því vel og segist sannfærður um, „að lesi menn það með athuga og eptirtekt, þá hafi menn þau not af því, sem höfundarnir ætlist til". Nú var það tilætlun höfundanna, einsog þeir gátu um í boðsritinu, að ritgjörðirnar yrðu að notum, ekki einungis lærðum mönnum, heldur og greindum og námfúsum leikmönnum. Um ritgjörðina um sakramentin eptir Martensen er nú „Jeg" hræddur, „að almenningur hafi hennar lítil eða *engin* not", vegna þess alþýða hjer á landi sje óvön vísindalegum ritgjörðum og það er á honum að skilja, „að þessi ritgjörð muni vera alþýðu ofvaxin". Við verðum að játa, að við komum þessu ekki saman og bendum almenningi á, að okkur finnst hjer hraparleg mótsögn hjá „Jeg", sem hann hefur rekist inní, af því hann vildi segja eitthvað, en hafði ekkert fast álit, eða áreiðanlegt skynbragð á því, sem hann er að skrifa um; við ráðum herra „Jeg" heilræði! honum er nauðsynlegt að fara að læra hugsunarfræði, svo hann gjöri sig ekki sekann aptur í slíkum mótsögnum. Að öðru leyti viljum við segja það herra „Jeg", sem segist enginn guðfræðingur vera, eins og við líka þykjumst sjá, að fyrst er trúarfræði Martensens aungan-vegin ætluð eingaungu vísindamönnum, og í annan stað erum við fullvissir um, að skynsamir og guðhræddir alþýðumenn muni skilja hana miklu betur en margir, sem lærðir þykjast og svo eru kallaðir, en ráða sjer ekki fyrir hroka og sjálfbyrgingsskap. Um orðfærið á ritinu yfir höfuð, segir höfundurinn, að það sje „allt í veikleika" og á útleggingunni yfir ritgjörð Martensens, að það sje „flókið og óviðkunnanlegt", en til að sanna þetta, færir hann alls engin rök, því eitt orð, sem honum þykir illa valið, orðið „minnisvarði" sjá allir, hve lítil ástæða er fyrir því, að kveða upp um ritið allt slíkann dóm, sem við að svo stöddu leyfum okkur að kalla sleggjudóm. Við ætlum ekki að fara fleirum orðum um þetta, eða dæma í egin málefni; einungis getum við þess, að þeir 2 menn, sem allir munu játa um, að hjer á landi sjeu færastir í íslenzkri tungu, nl. Rektór S. Egilsson og Dr. H. Scheving munu hafa laggt vægari dóm á orðfæri árritsins helduren herra „Jeg" í Þjóðólfi og jafnvel kallað það *gott*, og verðum við að meta dóm þessara manna meir, þó höfundurinn gjöri sjer far um að sýna stirkleika sinn í málinu með því ýmist að skrifa kaupenda, ýmist kaupanda. Þetta sýnir nógsamlega, að höfundurinn gjörir sig sekann bæði í mótsögnum og sleggjudómum, og brýtur sjálfur niður með því ritgjörð sína; en þó kastar tólfunum þegar höfundurinn fer frá bókstafnum og rjettrituninni og ætlar að tala um inntak ritsins. Við lítum einkanlega til þess, sem höfundurinn segir um 6. atriðið í umburðarbrjefi biskupsins. Það er furðanlegt að heyra, hversu djarfmæltir sumir geta orðið í því, sem þeir ekkert vit hafa á, og sýnir „Jeg" það með dæmi sínu. Það er auðsjeð, að hann ber ekki minnsta skynbragð á eðli kyrkjulegrar eða veraldlegr-

ar stjórnar og fyrirkomulag þeirra, og þó hikar hann sjer ekki við að búa hjer til hvert axarskaptið á fætur öðru, svo að hann verður sjer til ennar meztu minkunar. Þar sem 6. greinin biður um, að synodus öðlist það vald, að ekkert kyrkjulegt málefni yrði útkljáð á alþingi fyrr en það áður hefði verið borið undir synodus og ef ágreiningur yrði, þá skæri konungur úr“, þá leggur höf. þetta út sem tilraun til að koma á aptur klerkavaldi katólskunnar og halda í einveldisstjórn konungsins. Væri þessi ímyndan höfundarins sönn, þá ætti kyrkjulegt ófrelsi eða klerkavald katólskunnar, eins og það var á miðöldunum, að þróast helzt í öllum reformertum löndum, þar sem að alstaðar eru kyrkjuþing, en kyrkjulegt frelsi helzt þar sem einvaldsstjórn er og engin kyrkjuþing. En nú er það alkunnugt, að öll reformerta kyrkjan hefur þjóðveldislögun á stjórn sinni allri bæði æðri og lægri allt frá stjórn hvers einstaks safnaðar, sem allir hafa sóknaráð (*presbyteria*), uppað hinu æðsta kyrkjuþingi allrar landskyrkjunnar (*General synodus*). Allir vita nú, sem hafa nokkra þekkingu á sögunni, að hvergi er eðlilegri kyrkjustjórnin eða þjóðlegri heldur en í reformertu kyrkjunni, þar sem þessi kyrkjuþinga stjórn er, og henni er vel komið fyrir og að hvergi er síður hætt við klerkastjórn eins og nærri má geta og þó segir höfundurinn, jafnt blindaður af vanþekkingu sem sjálfbyrgingsskap, að tilraun til að koma á kyrkjuþingi sje til þess, að koma á klerkavaldi miðaldanna eða kyrkjulegri harðstjórn, og er það hið sama hvað kyrkjustjórnina snertir, eins og einhver segði um hina borgaralegu stjórn, að tilraunin til að koma á þjóðþingi miðaði til þess að koma á harðstjórn og kúgunarvaldi. Eða er það ekki fráleitt að halda, að það sje sama að vilja halda einveldi konungs, og að leyfa honum að mega samþykkja gjörðir alþingis? Sama, að halda einveldinu og að konungur megi skera úr, hvort hann heldur vill fallast á ástæður alþingis eða synodi í kyrkjulegum málum, sem alþingi eptir eðli sínu má ekki skoða frá kyrkjulegu sjónarmiði, heldur einungis veraldlegu? Útúr öllum þessum sínum ruglingslegu hugsunum dregur höf. þá ályktun, að biskupinn, sem hafi fallist á bænarskrána, forstöðum. prestaskólans, sem hafi verið í nefndinni, er samdi uppástunguna og allir þeir prestar, sem eigi setu á þjóðfundinum, muni vilja mæla fram með einveldi konungs; og fær sjer tilefni þaraf til að vara almenning við þessum mönnum. Þetta er svo tröllaukin heljarályktun, að það er óskiljanlegt, hvernig nokkur mennskur maður fer að búa hana til. En það er ekki við því að búast, að hann gjöri öðrum andlegrar stjettar mönnum hátt undir höfði, þegar hann dæmir eins um prófast sjera Hannes Stephensen, sem var einn af þeim, er bjuggu til nefndarálitið og er kjörinn þjóðfundarmaður. Við biðjum herra „Jeg“ blessaðann að tala ekki optar um stjórnarlögun, hvorki veraldlega nje kyrkjulega, eða reyna til að afla sjer meiri þekkingar á eðli stjórnarskipunar, eða að útvega sjer að minnsta kosti einhverja hugmynd um svo mikilvægt efni, áður en hann fer að tala um það við almenning, eða áður en hann verður þingmaður, því með þessari þekkingu, sem hann hjer hefur látið í ljósi á stjórnarefnum, vonum við og óskum, að höf. sje hvorki í tölu þjóðkjörinna nje konungkjörinna þingmanna. Höfundinum verður öðruvísi matur úr prentvillunum; þar sjáum við, að hann er heima hjá sjer; en það vill svo óheppilega til, að í grein hans, sem þó er ekki nema liðugt hálft annað blað, munu finnast fleiri prentvillur en ein; og ein er þar fullkomlega eins „hraparleg“ og sú, sem hann hefur bent á í árritinu, nl. bls. 142 *fyrra dálki* 5. l. a. o. Sá sem finnur að öllu hjá öðrum, ætti þó að vera svo vandur að við sjálfann sig, að gjöra sig ekki sekann einmiðt í hinu sama, sem hann er að áfella aðra fyrir. En hvað kærir herra „Jeg“ sig um það! Við segjum þetta ekki af því að við viljum kasta þungum steini á hann fyrir prentvillur — því við vitum, að letrið er sumstaðar orðið svo máð og slitið, að það er ekki auðvelt að lesa nákvæmlega prófarkir úr prentsmiðjunni — heldur einungis til að sýna almenningi framá ósanngirni höfundarins í kröfum hans til annara. Og nú rjettritunin!

það kann nú að vera! höfundurinn nær ekki uppí nefið á sjer, af því hann er svo geysi reiður út af því, að við skulum hafa orðið fyrri en hann til að sjá og kannast við missmiði á henni; það lýsir höfundinum ekki síður en sumt annað í grein hans, að honum þykir það næstum því hlægilegt, að nokkur maður skuli geta fengið af sjer að kannast við galla á verkum sínum og hann getur heldur ekki skilið í því, að embættismönnum, sem daglega hafa miklu anríki að gegna, kunni að þykja það ört borið á með prentunina, sem hinir ekki kalla svo, er mega verja hverjum tíma, sem þeir vilja, til að lesa prófarkir. Höf. getur ekki skilið í þessu, eða vill ekki láta sjer skiljast það, af því hann vill láta það svo heita, að við þekkjum ekki reglur fyrir íslenzkri rjettritun. Hann verður nú að ráða meiningu sinni um það; en svo mikið vogum við að segja, að ef við þurfum að ganga í skóla til að læra íslenzka rjettritun, þá hefði hann sjerlega gott af að ganga í skóla til að læra íslenzka rjettsýni, svo hann eptirleiðis settist með meiri varkárni og samvizkusemi í dómarasætið, eða leiddi hjá sjer að dæma um það, sem skilningi hans og kröptum er of vaxið.

Það er okkur óþægilegt, að við höfum orðið að fara svona ómjúklega með herra „Jeg", en við gátum ekki komist hjá að sýna honum, hvernig grein hans liti út af því hann hafði sett á sig þvílíkan spekingssvip og höfum við þó ekki nennt að ellta mótsagnir hans og vitleysur nærri því allar, einsog við heldur ekki ætlum að svara honum aptur, þó hann láti til sín heyra meðan hann fer í dularklæðum; en vilji hann segja til nafns síns og setja frekar útá árritið með þeirri sanngirni og siðsemi, sem menntaðir menn skulda hverjir öðrum, þá skulum við taka því vel og færa oss þær bendingar hans í nyt framvegis, sem við sjáum vera byggðar á skynsamlegum rökum.

Reykjavík 6. dag júlí-mán. 1850.

Útgefendur árrits prestaskólans.

Lbs - Hbs / Þjóðdeild

100714174-8

